

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Akureyrarkaupstað.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund á Akureyri sbr. c-lið 2. gr. samþykktar um hundahald á Akureyri nr. 360/2001 skal vera kr. 12.500.

Gjaldið greiðist á gjalddaga 1. mars en eindagi er 31. mars.

Hundahreinsun á vegum sveitarfélagsins er innifalin í leyfisgjaldinu.

2. gr.

Eigendur blindra-, leitar- og björgunarhunda eiga rétt á niðurfellingu gjalds samkvæmt 1. gr., enda leggi þeir fram skilríki um að hundarnir séu notaðir í þeim tilgangi.

3. gr.

Við afhendingu handsamaðs hunds ber að innheimta gjald sem hér segir:

Afhending óskráðs hunds kr. 10.000.

Fyrsta afhending skráðs hunds ef gjald er í skilum kr. 5.000.

Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi hunds þ.m.t. útkall dýraeftirlitsmanns, fóðrun og auglýsingar skv. reikningi.

Óskráða hunda má ekki afhenda fyrr en að lokinni skráningu.

4. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar innheimtureglur sveitarfélagsins.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar með tilvísun til heimildar í samþykkt um hundahald á Akureyri nr. 360/2001 og ákvæða 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Gjaldskrá þessa skal endurskoða árlega.

Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur gjaldskrá nr. 77/2008 úr gildi.

Akureyri, 22. janúar 2009.

Inga Þöll Þórgnýsdóttir bæjarlögmaður.